



Norðurþing
Gaukur Hjartarson
Ketilsbraut 7-9
640 HÚSAVÍK

Garðabær, 1.4.2025

Málsnúmer: 202503-0015

IAS

Efni: Umsókn um framkvæmdarleyfi til Norðurþings fyrir strenglögð frá Lindarbrekku að Grímsstöðum á Fjöllum.

Vísað er til erindis frá Norðurþingi, dagsett 5. mars 2025, þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar um umsókn RARIK ohf um framkvæmdaleyfi fyrir strenglögð frá Lindarbrekku að Grímsstöðum á Fjöllum.

RARIK ohf sækir um leyfi vegna vinnu við að plægja tvo 33kV háspennustrengi frá aðveitustöð í landi Lindarbrekku að Grímsstöðum með viðkomu við áningarstað ferðamanna við Dettifoss. Strengleiðin fylgir að mestum hluta Dettifossvegi 862 og verðu strenglögðin á röskuðu svæði á mörkum veghelgunarsvæði Vegagerðarinnar og er Vegagerðin upplýst um málið eftir fund með RARIK nú í janúar 2025. Þá verður farið í gegnum land sem er innan vatnsverndarsvæðis og náttúruminjasvæðis í Norðurþingi. Einnig er lagnaleiðin innan Vatnajökulspjóðgarðs á um 20 km kafla.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér umsóknina og kemur með eftirfarandi ábendingar.

Strengleiðin liggur líklega að hluta til um nútímahraun sem njóta verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd (60/2013) og einnig liggur hluti um birkiskóglendi en þar fylgir lögnin vegi svo rask verður líklega ekki mikið. Þá er sá hluti leiðarinnar sem er fyrir norðan Norðausturveg innan mikilvæga fuglasvæðisins Öxarfjörður og undanfarin ár hefur Náttúrustofa Norðausturlands talið fugla á Skjálftavatni bæði á varp- og fellitíma. Samkvæmt gagnagrunni Náttúrufræðistofnunar eru engar friðaðar plöntutegundir eða plöntur á valista skráðar á strengleiðinni.

Náttúrufræðistofnun gerir ráð fyrir að allar framkvæmdir innan Vatnajökulspjóðgarðs verði í samráði við Náttúruverndarstofnun og mælist til þess að framkvæmdir í og við Skjálftavatn verði ekki á þeim tíma sem fuglalíf er viðkvæmast (frá byrjun maí fram í september).

Virðingarfyllt,

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur